

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Tilvísun: 2015020193VEL/--


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg þjónusta), 454. mál.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar, dags. 9. febrúar 2015, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum (454. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þskj. 698).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, annars vegar hvað varðar heimild ráðherra til að setja reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og hins vegar hvað varðar samskipti Vinnueftirlits ríkisins og atvinnurekanda í þeim tilvikum þegar Vinnueftirlitið hefur beint skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað. Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að í ákvæði til bráðabirgða í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði kveðið á um tímabundna heimild til undanþágu frá hvíldartíma og næturvinnutíma vegna þeirra starfsmanna sem starfa við notendastýrða persónulega aðstoð. Þá er í frumvarpinu lagt til að gildistími ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum um málefni fatlaðs fólks, þar sem fjallað er um samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð, verði framlengdur um tvö ár eða til ársloka 2016.

Persónuvernd hefur farið yfir efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst



Vigdís Eva Línfal

Vigdís Eva Línfal